

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar þriðjudaginn 5. nóvember 2013 og hófst kl 16:00.

Mættir: Siggeir Stefánsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skyldur og ábyrgð skólanefnda.

Gögnum dreift til fundarmanna en Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út samantektir til leiðbeiningar fyrir skólanefndir og sveitarfélög sem bera yfirskriftina „Yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda og Leiðbeiningar við innra mat grunnskóla“. Rætt um eftirlitshlutverk nefndarinnar.

Farið ítarlega yfir gátlistana í leiðbeiningunum og rætt um þau atriði sem sett eru þar fram. Þörf er á meiri vinnu við þessa lista.

2. Svar við bréfi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MMR) dags. 23. september 2013.

Farið yfir og lagfært svarbréf Langanesbyggðar til MMR.

3. Umbótaáætlun Grunnskólans á Þórshöfn

Farið yfir stöðu mála í október 2013. Niðurstöður látnar fylgja svarbréfi til MMR.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00